

Ed.

180. Frumvarp til laga

[94. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Styrktarsjóði Félags íslenzkra rafvirkja og sjúkrastyrktarsjóði Múrarafélags Reykjavíkur er heimilt að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur mjög þrengzt kostur ýmissa stéttarfélaganna hér í Reykjavík um fundarhöld og félagsstarfsemi yfirleitt vegna skorts á hentugu húsnæði.

Af þessum ástæðum hefur það færzt mjög í vöxt, að einstök félög hafa reynt, af vanefnum þó, að eignast húsnæði til sinna þarfa á þeim stöðum í bænum, sem gefa flestum félagsmönnum kost á að sækja félagsfundi og aðrar samkomur félaganna, sem nauðsynlegar eru til viðhalds starfsemi félaganna.

Af þessum sökum keyptu þau stéttarfélög, er í frv. þessu ræðir, ákveðinn hluta húseignarinnar nr. 27 við Freyjugötu hér í bæ.

Kaup þessi fóru fram réttum 5 mánuðum áður en bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum voru sett. Eftir setningu laga þessara hefur verið dregið í efa, að téð húsnæði mætti taka til umræddra afnota, þó að við setningu laganna hafi verið búið að gera það illfrankvæmanlegt að breyta því í íbúðarhúsnæði.

Frumvarpið er því flutt til þess að fá úr þessu skorið.

Lögum þessum mun fyrst og fremst hafa verið ætlað að koma í veg fyrir, að fjöldi íbúða, sem í notkun voru sem slíkar, yrði tekinn til annarra afnota, t. d. sem verzlunar- og skrifstofuhúsnæði o. s. frv., vegna hins mikla skorts, sem ríkjandi er um íbúðarhúsnæði.

Hér er ekki farið fram á, að nein íbúð sé tekin úr notkun, þar sem húsið fram til þessa hefur verið í byggingu.

Í þessum tveim stéttarfélögum eru um 600 skráðir félagsmenn og þannig ástætt, að annað félagið er algerlega húsnæðislaust, en hitt býr við mjög þröngan húsakost. Félagum þessum er því mikil nauðsyn á að fá nýttan þann útlagða kostnað, sem búið er að leggja í bygginguna, en staðsetning hússins er sérstaklega hagstæð til þeirrar starfsemi, sem félagsheimili er ætlað.